

Nr. 3/1996. Miðvikudaginn 12. júní 1996.  
**Starfsmannafélag ríkisstofnana**  
 (Gunnar Jónsson hdl.)  
 gegn  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
**vegna ríkisspítalanna**  
 (Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Samráðsnefnd.

### **Dómur Félagsdóms.**

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 12. mars sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, kt. 620269-3449.

Stefndi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, f.h. ríkissjóðs vegna ríkisspítalanna.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvörðun á samráðsnefndarfundum ríkisspítalanna og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995, um kjör læknaritara sé bindandi fyrir stefnda.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms og við þá ákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannspjónustu, sem stefnandi njóti ekki frádráttarréttar vegna.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara er þess krafist að einungis verði viðurkennt með dómi að ákvörðun á samráðsnefndarfundum ríkisspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995, um kjör læknaritara á ríkisspítölum sé bindandi fyrir stefnda.

Hinn 23. apríl sl. var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem frá-

vísunarkröfu stefnda var hafnað. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 20. maí sl. var úrskurður þessi staðfestur.

*Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag sem fari með samningsrétt í kjaramálum fyrir félagsmenn sína á grundvelli 5. gr. laga nr. 94/1986. Óumdeilt sé að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari með umboð til gerðar kjarasamninga við þá starfsmenn ríkisspítalanna sem séu félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR). Ríkissjóði sé því stefnt í máli þessu.

Þann 2. febrúar 1993 hafi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR gert samkomulag um að koma á samráðsnefndum innan einstakra stofnana þar sem félagar í SFR starfa. Hlutverk samráðsnefndanna skyldi vera hið sama og samstarfsnefnda skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR. Hlutverk þeirra sé skilgreint í grein 11 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. apríl 1995. Í framkvæmd sé vald samstarfsnefnda til launaflokka-breytinga margviðurkennt. Þann 11. maí 1995 hafi samráðsnefndarfundur ríkisspítalanna (RSP) og SFR komist að samkomulagi um að gera breytingar á launaflokkaröðun lækna ritara á RSP, sem gilda skyldi frá 1. janúar 1995. Við samkomulagið hafi ekki verið staðið af stefnda hálfu. Lögmaður stefnanda hafi með bréfi, dags. 27. nóvember 1995, krafist efnda á samkomulaginu. Bréfinu hafi ekki verið svarað. Krafan hafi verið ítrekuð af lögmanni með bréfi, dags. 15. janúar 1996, og tekið fram að leitað yrði atbeina dómstóla, yrði ekki við kröfunni orðið. Þar sem ríkisspítalar hafi í engu svarað téðum bréfum lögmannsins, reki stefnanda nauður til þessarar málsóknar.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms skv. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, en í ákvæði þessu segi að undir dómsvald Félagsdóms falli m.a. að dæma um „ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.“ Stefnandi telur samkomulag SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 2. febrúar 1993 vera hluta kjarasamnings á milli aðila, eða ígildi hans og stefnukrafa sé gerð á grundvelli samkomulags sem gert var með stoð í nefndu samkomulagi.

Með samkomulagi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 2. febrúar 1993, hafi samstarfsnefndum SFR verið komið á. Hlutverk þerra sé þannig skilgreint:

„Hlutverk samráðsnefndanna verði það sama og samstarfsnefndanna samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana.“

Hlutverk samstarfsnefnda sé skilgreint í 11. gr. kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Kjarasamningurinn sé, að því er það atriði varðar, óbreyttur frá þeim tíma er ofangreint samkomulag var gert. Í grein 11.2. í kjarasamningnum segi m.a.:

„Hlutverk nefndanna er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði SFR, hvað snertir röðun í launaflokka, ... Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining, er upp kann að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram.

Enn segi í grein 11.3.:

„Auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka skulu nefndirnar...“

Samkvæmt þessu teljist samráðsnefndirnar tvímælaust hafa til þess umboð að endurraða í launaflokka, svo sem samið hafi verið um með lækningarana í fyrrgreindu samkomulagi 11. maí 1995. Sú framkvæmd hafi verið óumdeild og umboð samstarfsnefnda til að skipa starfsmönnum í launaflokka alveg skýr. Um framkvæmdina vísar stefnandi til framlagðra skjala. Af þeim telur stefnandi mega ráða hvernig framkvæmd hafi verið háttáð, m.a. vegna starfsfólks á ríkisspítölum.

Pá vísast um umboð samstarfsnefnda til dóms Félagsdóms frá 22. nóvember 1993, í máli Félags íslenskra símamanna vegna Dóru Halldórsdóttur gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi telur þann dóm sýna að samstarfsnefndir hafi mjög rúmt vald.

Ljóst sé að samkomulag aðila frá 2. febrúar 1993 þýði að samráðsnefndir hafi sama hlutverk og vald og samstarfsnefndir skv. kjarasamningi, enda beinlínis kveðið á um það í texta samkomulagsins. Samráðsnefndin hafi á fundi þann 11. maí 1995 ákveðið breytingar á launaflokkaröðun læknaritara, sem gilda skyldi frá og með 1. janúar 1995. Undir það samkomulag hafi ritað Bjarni Ingv. arsson, fulltrúi ríkisspítala í samráðsnefndinni. Með því að skipa hann í nefndina hafi RSP viðurkennt bæði umboð nefndarinnar og umboð Bjarna til að fara með forsvar fyrir RSP í nefndinni. Framkvæmd sýni einnig að sú hafi verið raunin og vísast þar um til fyrri ákvarðana samstarfsnefnda, en við þær hafi verið staðið.

Samráðsnefnd hafi á fundi sínum þann 11. maí 1995 tekið ákvörð-

un um breytingar á launaflokkaröðun lækningaritara. Sú ákvörðun hafi verið tekin á nákvæmlega sama hátt og tíðkað hafi verið um slíkar ákvarðanir. Ákvörðunin sé því bindandi fyrir ríkisspítalana og lækningariturum hafi samkvæmt því átt að raða í launaflokka í samræmi við ákvörðunina frá 1. janúar 1995 svo sem krafist er viðurkenningar á í máli þessu.

Stefnandi kveður málskostnaðarkröfu sína vera skaðleysiskröfu og vitnar til 130. gr. laga nr. 91/1991 henni til stuðnings. Við ákvörðun málskostnaðar telur stefnandi að tillit verði að taka til þess að honum beri að gjalda virðisaukaskatt af aðkeyptri lögmannsþjónustu og vegna þess skatts njóti hann ekki frádráttarréttar.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Stefndi telur að ákvörðun sú sem tekin var af samráðsnefnd á fundi hennar hinn 11. maí 1995, sé ekki bindandi, hvorki fyrir stefnanda né stefnda. Samráðsnefndin hafi ekki haft umboð til að semja um kaup og kjör að svo miklu leyti sem lög ráðgera að kveða skuli á um í kjarasamningum, sbr. 9. gr. laga nr. 94/1986. Þótt stefnandi kjósi að kalla niðurstöðu fundarins samkomulag sé víst að ekki hafi þar verið um að ræða kjarasamning í skilningi I. og II. kafla laga nr. 94/1986. Stefndi telur umboð til kjarasamninga milli aðila málsins aðeins vera á hendi fjármálaráðherra eða nefndar þeirrar sem hann skipar til að annast samninga fyrir sína hönd (samninganefndar ríkisins), og á hinn bóginn viðkomandi stéttarfélags. Stefndi vísar hér til 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 94/1986.

Hlutverk samráðsnefndarinnar hafi samkvæmt samkomulagi frá 2. febrúar 1993 verið ákveðið hið sama og samstarfsnefnda þeirra sem kveðið er á um í 11. grein kjarasamnings fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Svo sem ráða megi af orðalagi 11. gr. hafi nefndir þær aðeins umboð til að skipa einstökum starfsmönnum í launaflokka við upphaf ráðningar eða þegar starfsmenn færast á milli starfa, svo og að fjalla um kærur varðandi þau atriði og önnur ágreiningsmál varðandi túlkun á ákvæðum samningsins. Hið samningsbundna hlutverk nefnda sem þessara sé einnig að hafa eftirlit með röðun í launaflokka en með því sé bersýnilega átt við eftirlit með því að einstökum starfsmönnum sé skipað í þann launaflokk sem ákvæði ráðningar- og kjarasamnings gefa tilefni til. Heimild og umboð samráðsnefndarinnar nái hins vegar ekki til þess að

flytja starfsheiti til um launaflokka, þ.e. að semja um ný starfsheiti og almennar breytingar á launum eða kjörum.

Þeim atriðum sem samráðsnefnd tók til ákvörðunar á fundi sínum þann 11. maí 1995, hafi aðeins mátt ráða til lykta með kjarasamningi, sbr. fyrrnefnda 9. gr. laga nr. 94/1986. Á fundinum hafi þvert á móti verið teknar ákvarðanir er lutu að almennum hækkunum lækningarara, þvert ofan í ákvæði kjarasamnings, sem fyrirfram hafi verið markaður tiltekinn gildistími. Komi fram í bréfi formanns stefnanda og fulltrúa í samninganefnd lækningarara, sem dagsett er 13. mars 1996 og ritað er lögmanni félagsins, að þær breytingar sem fólust í ákvörðun samráðsnefndarinnar hafi verið um almennar launahækkanir sem ekki hafi samist um í kjaraviðræðum. Umræddar hækkanir eigi sér því bersýnilega ekki stoð í gildandi kjarasamningi milli aðila málsins og því sé ákvörðunin andstæð honum. Jafnframt því að samráðsnefndin hafi með ákvörðun sinni farið langt út fyrir umboð sitt, hafi fundarmenn allir farið út fyrir umboð sín.

Að því er varðar Bjarna Ingvarsson hafi hann farið út fyrir það umboð sem honum hafi verið ætlað sem fulltrúi stofnunar. Vísar stefndi um það til bréfs fjármálaráðuneytisins til Ríkisspítala, dags. 21. júní 1993, þar sem stofnuninni hafi verið veitt heimild sú sem ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 ráðgerir, þ.e. að annast framkvæmd kjarasamninga. Í nefndu bréfi ráðuneytisins sagði meðal annars:

„Heimild þessi felur í sér að stofnunin annist alfarið ráðningar- og launamál starfsmanna sinna í samræmi við lög, reglur, kjarasamninga og fyrirmæli þar að lútandi. Tekið skal fram að samskipti þau við stéttarfélag sem fram hafa farið í ráðuneytinu á vettvangi samstarfsnefnda og varða færslu einstaklinga eftir röðunarákvæðum kjarasamninga, flytjast hér með til stofnunarinnar eftir því sem þörf verður á.“

Jafnframt byggir stefndi á því að fulltrúar stefnanda á nefndum fundi, þau Sigríður Kristinsdóttir og Árni St. Jónsson, hafi farið út fyrir umboð sín, með því að semja um atriði sem þegar hafði verið skipað með kjarasamningum. Stefndi heldur því einnig fram að báðum fulltrúum stefnanda hafi verið eða mátt vera ljós sá umboðsskortur og jafnframt vitað eða mátt vita um umboðsskort Bjarna Ingvarssonar. Því til stuðnings bendir stefndi á að stefnanda hafi verið sent afrit af tilvitnuðu bréfi ráðuneytisins frá 21. júní 1993.

Auk þess verði að leggja til grundvallar þekkingu beggja fulltrúa stefnanda á lögum og reglum sem á vinnumarkaði gilda, ekki síst er varða kjaramál opinberra starfsmanna, svo og sjálfum kjarasamningum milli félagsins og stefnda, en bæði hafi þau um árabíl gengið í fylkingarbrjósti sem formaður og framkvæmdastjóri stefnanda.

Stefndi byggir á því að lækningaritarar séu ekki aðeins í störfum hjá Ríkisspítölum, heldur einnig á sjúkrahúsum ríkisins út um allt land, sem og á heilsugæslustöðvum. Rétt til að kalla sig „lækningaritara“ hafa þeir einir sem hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Lækningaritarar teljist því vera löggilt starfstétt, sbr. reglugerð nr. 161/1987, reglugerð nr. 162/1988 og reglugerð nr. 325/1991, sbr. lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Störf lækningaritara taka því til fleiri starfsmanna en þeirra sem á Ríkisspítölum starfa. Á margnefndum fundi samráðsnefndarinnar þann 11. maí 1995 hafi verið stofnuð ný starfsheiti, sem ekki voru sérstaklega takmörkuð við störf lækningaritara Ríkisspítala, án þess að skilyrðum 25. gr. laga nr. 94/1986 væri fullnægt. Stefndi telur að fundarmönnum hafi einnig verið ljóst að slík ákvörðun horfði til breytinga á kjarasamningi aðila og því hafi hún verið utan heimildar og umboðs stofnunarinnar sem og fulltrúa stéttarfélags á samráðsnefndarfundi. Stefndu benda einnig á að það fái ekki staðist að kveða á um sérkjör þeirra lækningaritara sem á Ríkisspítölum vinna andstætt kjarasamningi. Slík sérkjör lækningaritara sem þar starfi verði ekki ákveðin á samráðsfundi stéttarfélags og fulltrúa viðkomandi stofnunar.

Stefndi mótmælir því að viðurkennt hafi verið í framkvæmd að samstarfsnefndir séu til þess bærar að breyta kjarasamningi eða gera nýja kjarasamninga. Þær fundargerðir sem stefnandi hefur lagt fram úr öðrum málum, telur stefndi alls óviðkomandi sakarefni málsins og ekki til stuðnings kröfum stefnanda. Vald samstarfsnefnda sé takmarkað svo sem að framan er rakið og telur stefndi að hlutverk slíkra nefnda hafi ávallt verið ljóst aðilum vinnumarkaðar. Frekara vald samstarfsnefnda til að gerbreyta þegar umsömdum kjaraatriðum hafi ekki verið viðurkennt, hvorki af stefnanda né stefnda. Í dómi Félagsdóms frá 22. nóvember 1993 í málinu nr. 9/1993, sem stefnandi hefur vitnað til, sé andstætt því sem félagið byggir á, vísað til niðurstöðu samstarfsnefndar sem lögum samkvæmt hafði aðeins umboð til úrlausnar á tilteknum deilumálum

einstakra starfsmanna um túlkanir á ákvæðum gildandi kjarasamnings. Dómurinn sýni því enga réttarreglu þess efnis að hin umdeilda ákvörðun samráðsnefndar sem tekin var á fundi hinn 11. maí 1995 geti verið bindandi.

Prautavarakrafa er sett fram ex tuto þar sem stefndi telur kröfu stefnanda samkvæmt orðan sinni og aðildar málsins of víðtæka. Verði ákvörðun samráðsnefndarinnar talin bindandi telur stefndi að dómur geti aðeins falið í sér að viðurkenningu að því er tekur til lækningarara á Ríkisspítölum.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Niðurstaða.*

Með samkomulagi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 2. febrúar 1993 var kveðið á um stofnun samráðsnefnda innan einstakra stofnana þar sem félagsmenn SFR starfa. Málsaðilar hafa ekki deilt um gildi þessa samkomulags. Í samkomulaginu segir m.a. svo:

„Hlutverk samráðsnefndanna verði það sama og samstarfsnefndanna samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana.“

Í gr. 11.2. í kjarasamningi aðila segir svo um hlutverk samstarfsnefnda:

„Hlutverk nefndanna er að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna á vinnumarkaði SFR, hvað snertir röðun í launaflokka, og gildir þetta einnig um fólk, er færast milli starfa innan stofnunar eða milli stofnana. Nefndirnar skulu reyna til þrautar að jafna ágreining, er upp kann að koma, eftir að röðun í launaflokka hefur farið fram.“

Ennfremur segir í grein 11.3. til viðbótar framanrituðu:

„Auk þess að hafa eftirlit með röðun í launaflokka skulu nefndirnar...“

Í bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 21. júní 1993, segir m.a. svo:

„Með heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94, 31. desember 1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 119, 27. desember 1990, um starfsmannamál o.fl., felur fjármálaráðuneytið Ríkisspítölum hér með framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd.“

Heimild þessi felur í sér að stofnunin annist alfarið ráðningar- og launamál starfsmanna sinna í samræmi við lög, reglur, kjarasamninga og fyrirmæli þar að lútandi. Tekið skal fram að samskipti þau við stéttarfélög sem fram hafa farið í ráðuneytinu á vettvangi samstarfsnefnda og varða færslu einstaklinga eftir röðunarákvæðum kjarasamnings, flytjast hér með til stofnunarinnar eftir því sem þörf verður á. Ákveðnar tillögur um hvernig slíkum tengslum væri best skipað verða ekki settar hér fram, en hjálaga fylgir myndrit af samkomulagi ráðuneytisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana, dags. 2. febrúar sl. sem á við í þessu sambandi.“

Í bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 21. mars 1996, segir m.a. svo:

„Samkvæmt framangreindu hefur samráðsnefnd, sem sett var á stofn á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR, dags. 2. febrúar 1993, heimild til að breyta launaflokkaröðun einstaklinga er starfa á RSP, þannig að röðunin rúmist innan þeirra starfsheita sem til eru í kjarasamningi. Heimildin nær hins vegar ekki til þess að flytja starfsheiti til um launaflokka, eða m.ö.o. að semja um ný starfsheiti.“

Með vísan til þess, sem að framan var rakið um hlutverk samráðsnefndarinnar verður ekki talið, að nefndarmenn hafi farið út fyrir umboð sitt við samþykktina frá 11. maí 1995. Þeim var ekki aðeins falið að fjalla um laus- og fastráðningu starfsmanna varðandi röðun í launaflokka, heldur einnig að hafa eftirlit með röðun í launaflokka.

Einnig voru þeim falin þau samskipti „við stéttarfélög sem fram hafa farið í ráðuneytinu á vettvangi samstarfsnefnda og varða færslu einstaklinga eftir röðunarákvæðum kjarasamnings...“. Þessi samskipti skulu flytjast til stofnana eftir því sem þörf verður á. Allt er þetta þáttur í þeirri viðleitni stefnda að færa meira vald í launamálum út í stofnanirnar. Rétt þykir að líta svo á, að það sé ekki aðeins við nýráðningar í störf er komi til kasta samráðsnefndar, heldur einnig telji þær einstök starfsheiti sæta ósanngjarnri röðun. Hér er ekki um neina almenna endurröðun að ræða, heldur leiðréttingu á röðun einnar starfsstéttar í launaflokka. Verður því ekki talið að breytingin á röðuninni rekist á við kjarasamninginn. Heimild fyrir framangreindri ráðstöfun er að finna í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1990.



Hér er og á að líta símbréf, dags. 12. apríl 1995, sem að sögn fyrirsvaramanna stefnanda var sent inn í Rúgbrauðsgerð áður en gengið var frá kjarasamningi. Símbréfið hafi Bjarni Ingvarsson fulltrúi ríkisspítalanna í samráðsnefnd og þáverandi starfsmannastjóri hjá ríkisspítölum sent samninganefndarmönnum stefnanda. Í bréfi þessu segir m.a.:

„. . . Ríkisspítalar sjá sér ekki fært að fallast á kröfur sem settar voru fram í bréfi frá 11. nóvember 1994. Lagt er til að skrifstofustjórar raðist í launaflokk 244 eins og t.d. deildarstjóri 2 á endurhæfingadeild LSP í Kópavogi og hafi síðan möguleika á hækkun með framhaldsnámi, t.d. 30 ein. og 60 ein. fari því hæst í 246. Aðrir raðist með tilliti til þessa.“

Í röðun í launaflokka í kjarasamningi er að finna ýmis starfsheiti, sem lækningarar geta fallið undir. Öll eru þau meira og minna óskilgreind. Þessi eru þau helstu:

Launaflokkur 235 „Lækningaritari endursk. eftir 6 mánuði“, launaflokkur 237 „Læknafulltrúi“, launaflokkur 239 „Deildarlæknafulltrúi“, launaflokkur 241 „Deildarlæknafulltrúi m/umframmenntun + 2 lfl.“ og launaflokkur 242 „Skrifstofustjóri/lækningaritari“.

Hvort fulltrúi ríkisspítala hefur farið út fyrir umboð sitt í samráðsnefnd eða ekki, hefur ekki þýðingu við niðurstöðu máls þessa, þar sem telja verður að fulltrúar stefnanda í nefndinni hafi mátt treysta því, að fulltrúinn hefði það umboð sem undirskrift hans bar með sér. Í bréfi ráðuneytisins frá 21. júní 1993 er ríkisspítölum falin framkvæmd kjarasamninga og vísað m.a. til samráðsnefndarinnar. Stefnanda var sent afrit af bréfi þessu. Fulltrúi ríkisspítalanna var og starfsmannastjóri þeirra.

Í samþykktinni frá 11. maí 1995 var verið að fjalla um kjör lækningaritara á ríkisspítölum og þegar af þeirri ástæðu tekur samþykktin eingöngu til lækningaritara sem þar starfa.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda því yfir að varakrafa, áður þrautavarakrafa, stefnda væri sú sama og aðalkrafa stefnanda.

Eftir þessu verður því niðurstaða málsins sú að fallist er á kröfur stefnanda um að ákvörðun á samráðsnefndarfundum aðila frá 11. maí 1995 um röðun lækningaritara á ríkisspítölum skuli vera bindandi fyrir stefnda. Ekki verður tekin afstaða til annarra kjaraatriða í áðurgreindri samþykkt enda ekki um það fjallað í málinu.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 150.000 án tillits til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun á samráðsnefndarfundi ríkisspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana frá 11. maí 1995 um röðun lækna-rita á ríkisspítölum er bindandi fyrir stefnda.

Stefndi, ríkissjóður vegna ríkisspítalanna, greiði stefnanda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, kr. 150.000 í málskostnað.

---